

# Yfirlýsing umboðsmanns í knattspyrnu fyrir einstaklinga

Nafn:

Fæðingardagur:

Þjóðerni:

Lögheimili:

Símanúmer:

Faxnúmer:

Netfang:

Ég, \_\_\_\_\_

(undirritun)

## LÝSI EFTIRFARANDI HÉR MEÐ YFIR:

- Ég heiti því að virða og hlíta öllum lögboðnum ákvæðum viðeigandi landslaga og alþjóðlegra laga, einkum þeirra er tengjast atvinnumiðlun, í störfum mínum sem umboðsmaður. Enn fremur samþykki ég að hlíta lögum og reglugerðum knattspyrnusambanda og álfusambanda sem og lögum og reglugerðum FIFA við störf mín sem umboðsmaður.
- Ég lýsi því yfir að ég gegni ekki stöðu stjórnarmanns, nefndarmanns, dómara, aðstoðardómara, þjálfara eða stöðu við tæknileg málefni, læknisfræðileg málefni og stjórnun innan FIFA, álfusamtaka, knattspyrnusambanda, deildarsamtaka og félaga og að ég muni ekki gegna slíkri stöðu í fyrirsjáanlegri framtíð.
- Ég lýsi því yfir að ég hef óflekkað mannorð og einkum staðfesti ég að ég hef ekki hlotið dóm fyrir auðgunar- eða ofbeldisbrot.
- Ég lýsi því yfir að ég hef engin samningsbundin tengsl við knattspyrnusambönd, deildarsamtök, álfusambönd eða FIFA sem haft gætu í för með sér hugsanlegan hagsmunaáreksstur. Ríki óvissa skal upplýsa um alla viðeigandi samninga. Ég viðurkenni einnig að við störf mín sem umboðsmaður er mér ekki leyfilegt að gefa í skyn, með beinum eða óbeinum hætti, að slík samningsbundin tenging við knattspyrnusambönd, deildarsamtök, álfusambönd eða FIFA sé til staðar.
- Ég lýsi því yfir, í samræmi við 4. mgr. í 7. gr. reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu, að ég mun ekki taka við nokkurri greiðslu sem félag skal inna af hendi til annars félags vegna félagaskipta, s.s. félagaskiptabótum, uppeldisbótum eða samstöðubótum.
- Ég lýsi því yfir, í samræmi við 8. mgr. í 7. gr. reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu, að ég mun ekki taka við nokkurri greiðslu frá neinum aðila ef leikmaðurinn sem í hlut á er ekki orðinn 18 ára.

7. Ég lýsi því yfir að ég mun ekki taka þátt í, hvorki beint né óbeint, né heldur tengjast með öðrum hætti veðmálum, fjárhættuspilum, happdrættum og öðrum slíkum atburðum eða viðskiptum sem tengjast knattspyrnuleikjum. Ég viðurkenni að mér er óheimilt að vera hluteigandi, hvort sem er virkur eða óvirkur, í félögum, fyrirtækjum, stofnunum o.s.frv. sem kunna að hafa milligöngu um, halda eða stjórna slíkum atburðum eða viðskiptum.
8. Í samræmi við 1. mgr. í 6. gr. reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu samþykki ég að KSÍ fái í hendur allar upplýsingar um allar greiðslur, hvers eðlis sem þær eru, sem félag eða leikmaður innir af hendi til mín fyrir þjónustu mína sem umboðsmaður.
9. Í samræmi við 1. mgr. í 6. gr. reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu samþykki ég að ef þess gerist þörf fái knattspyrnusambönd, deildarsamtök, álfusambönd eða FIFA í hendur alla samninga, samkomulög og skrár í tengslum við störf mín sem umboðsmaður, til notkunar í rannsóknarskyni. Jafnframt samþykki ég að ofangreindir aðilar fái einnig í hendur öll önnur viðeigandi gögn frá öllum öðrum aðilum sem veita ráðgjöf, stuðla að eða taka virkan þátt í þeim viðræðum sem ég ber ábyrgð á.
10. Í samræmi við 3. mgr. 6. greinar reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu samþykki ég að KSÍ geymi og vinni úr öllum gögnum í útgáfuskyni.
11. Í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar FIFA um milliliði samþykki ég að knattspyrnusambandið sem í hlut á birtu upplýsingar um öll viðurlög sem ég kann að vera beitt(ur) og upplýsi FIFA um þau.
12. Ég er að fullu meðvitaður/meðvituð um og samþykki að yfirlýsing þessi verði aðgengileg til þess bærum aðilum hlutaðeigandi knattspyrnusambanda.
13. Athugasemdir sem skipt geta máli:

---

Yfirlýsing þessi er gerð í góðri trú á grundvelli þeirra upplýsinga og gagna sem ég hef aðgang að og samþykki að hlutaðeigandi sambandi sé heimilt að gera þær athuganir sem nauðsynlegar kunna að reynast til að sannreyna upplýsingar þær sem fram koma í yfirlýsingunni. Ég samþykki einnig að tilkynna KSÍ um það umsvifalaust ef einhverjar breytingar verða á ofangreindum upplýsingum eftir að yfirlýsingin hefur verið lögð fram.

---

(Staður og dagsetning)

---

(Undirskrift)